

Mættir: Harpa Reynisdóttir skólastjóri, Karl Eiríksson fulltrúi starfsfólks, Ingibjörg Gunnarsdóttir fulltrúi kennara, Bjarni Magnússon FORMEL og Martin Swift fulltrúi grenndarsamfélagsins.

- Skóladagatal 2025-2026

Harpa lagði fram skóladagatal fyrir næsta skólaár og var það samþykkt af skólaráði.

- Úttekt frá Líf og sál

Foreldrar nokkurra barna í Melaskóla höfðu lagt fram kvörtun til skóla- og frístundasvið um starfshætti deildarstjóra stoðþjónustu Melaskóla. Ákveðið var að fá Líf og sál til þess að gera úttekt á starfsháttum deildarstjóra stoðþjónustu og stjórnunarteymis skólans.

Niðurstöður úttektarinnar er að stjórnendateymið sé samstíga og að samstarf gangi nokkuð vel. Það hefur verið áskorun fyrir stjórnendur að byggja upp góða stjórnunarhætti og skapa traust og gott starfsumhverfi fyrir starfsfólk eftir erfiða tíma. Skólastjóri hefur lagt sig fram við að byggja upp traust og gott stjórnendateymi sem virðist hafa skilað árangri sé litið til starfsánægjukannana þar sem starfsfólk upplifir bættu líðan og starfsánægju. Ekki var talið neitt ámælisvert við aðferðir deildarstjóra stoðþjónustu en talið mikilvægt að skólinn mótaði skýra stefnu í viðbrögðum við ofbeldi og varðandi agamál.

Skólinn er að vinna að viðbragðsáætlun í ofbeldismálum og stefnu í agamálum. Mikilvægt er að öllu starfsfólki og foreldrum sé gert kunnugt um stefnuna og verklag og hægt sé að nálgast þær upplýsingar á heimasíðu skólans.

Fulltrúi foreldra var ánægður með að fá skýra verkferla en lagði áherslu á að það væri mikilvægt að foreldrar bæru ábyrgð á hegðun barna sinna, það væri lykilatriði.

Fulltrúi kennara benti á að þetta væri samfélagslegt vandamál og því miður væru fleiri börn í dag sem væru ekki alin upp við að þeim séu sett mörk.

- Innleiðingaráætlun

Á árunum 2022–2024 stýrði Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS) endurskoðun á greinasviðum Aðalnámskrár grunnskóla (köflum 17–26), að beiðni Mennta- og barnamálaráðuneytis. Endurskoðunin var ein af aðgerðum sem tilgreind var í [kjölfar mats á innleiðingu aðalnámskrárinnar frá 2011/2013](#) (pdf). Tilgangur endurskoðunarinnar var að mæta ákalli skólasamfélagsins um skýrari og afmarkaðri námskrá. Í vinnunni voru þrjú leiðarljós höfð til viðmiðunar: Að **einfalda** hæfniviðmiðin, **skýra** þau og **samræma** inntak greinakaflanna.

Harpa kynnti innleiðingaráætlun Melaskóla fyrir skólaráðinu.

- Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs 2025

Harpa sagði frá því að Melaskóli hefði hlotið hvatningarverðlun skóla- og frístundaráðs 2025 fyrir verkefnið Ísland áður fyrr. Skólinn er afar stoltur af verðlaununum og tók skólaráð undir það.

- Önnur mál